reglugerð nr. 832, 29. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Austurland, reglugerð nr. 775, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðvesturland og reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðausturland.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 2003.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 711 1. október 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Við úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari koma eftirfarandi sjávarbyggðir ekki til greina: Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarbær og Reykjavíkurborg.

2. gr.

Í stað: „2002/2003“ í 6. tl. 2. gr. kemur: 2001/2002.

3. gr.

Á 4. gr. verða eftirfarandi breytingar:

1. Í stað: „15. október“ í 1. ml. 2. mgr. kemur: 1. nóvember.
2. Í stað: „15. nóvember“ í lokamálslið 3. mgr. kemur 1. desember.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 2003.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.